

From: [Þuríður María Guðmundsdóttir](#)
To: [Íbúaráð Breiðholt](#); [Breiðholtslaug](#); skipulag@veitur.is
Subject: Arnarnesvegur 3. áfangi (göngu- og hjólastígar) - auglýsing
Date: fimmtudagur, 17. október 2024 10:13:26
Attachments: [image001.png](#)
[image002.png](#)

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing að breytingu að deiliskipulagi vegna Arnarnesvegur 3. áfangi (göngu- og hjólastígar), birtist í Morgunblaðinu í dag, fimmtudaginn 17. október 2024. Tillagan er í kynningu frá 17. október 2024 til og með 28. nóvember 2024. Gögn er hægt að skoða á síðunni, skipulagsgatt.is. Sjá eftirfarandi slóð:

<https://skipulagsgatt.is/issues/2024/1239>

Arnarnesvegur 3. áfangi (göngu- og hjólastígar)

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 25. september 2024 og borgarráðs Reykjavíkur þann 3. október 2024 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Arnarnesvegur áfanga 3. Í breytingunni sem lögð er til felst að lega stofnstígs (göngu- og hjólastígar) er uppfærð til samræmis við fyrirliggjandi hönnun mismislaðra gatnamóta Arnarnesvegur og Breiðholtsbrautar sem og deiliskipulags Elliðaárdals. Þá breytast deiliskipulagsmörk Arnarnesvegur innan marka Reykjavíkurborgar til samræmis við nýja afmörkun Elliðaárdals. Alls flyst 1.21ha frá Arnarnesskipulaginu og yfir í deiliskipulag Elliðaárdals. Deiliskipulagsmörkin eru breytt þannig að mörkin fara að vegkanti ramps á Arnarnesvegi. Samgöngustígur norðan Breiðholtsbrautar ásamt fláum færast þar með yfir í deiliskipulag Elliðaárdals og að mörkum íbúabyggðar ÍB40. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má nálgast á vefnum, www.skipulagsgatt.is. Einnig má nálgast tillöguna hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30–16:00 og föstudaga kl. 8:30–14:30 **frá 17. október 2024 til og með 28. nóvember 2024**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila í gegnum skipulagsgáttina eigi síðar en 28. nóvember 2024**. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um tillöguna er hægt að senda tölvupóst á skipulag@reykjavik.is.



Með kveðju,
Þuríður María Guðmundsdóttir

skrifstofufulltrúi

Sími: +354 411 1111

Skrifstofa skipulagsfulltrúa
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík
Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: www.reykjavik.is/trunadur

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.